

Verkefnaýsing

Í spílinu þjálfar nemendur lestur, framsögn, les- og hlustunarskilning.

Hægt er að vinna verkefnið þannig að nemendur lesa textann, læs nemandi les textann fyrir spilafélaga sína eða kennari les textann. Þegar textinn hefur verið lesinn fara nemendur í lesskilningsspilið sem inniheldur spurningar úr textanum.

Verkefninu fylgja einnig spjöld sem innihalda alla söguna. Hér fyrir neðan eru nokkrar hugmyndir um notkun þeirra.

- ★ Raða spjöldunum upp í rétta tímaröð, nemendur geta haft bókina/textann til að styðjast við.
- ★ Æfa skrift/stafsetningu með því að skrifa textann upp.
- ★ Finna nafnorð, sagnorð og lýsingarorð á spjöldunum, allt eftir aldri nemenda.
- ★ Tveir nemendur spila saman. Spjöldin eru sett í bunka (setja aukaspjöld inn á milli textaspjalda, sjá neðst í skjalinu) og nemendur draga til skiptis. Ef þeir draga textaspjald þá á að lesa textann upphátt fyrir spilafélagann. Ef mynd af Kísa er dregin þá spyr sá sem dró, spilafélaga sinn spurningar úr textanum.
- ★ Raða spjöldunum á gólf eða borð og búa til spilaborð. Setja aukaspjöld inn á milli textaspjalda (sjá neðst í skjalinu). Þegar þau lenda á spjöldum með texta, þá lesa þau textann upphátt fyrir spilafélaga sinn, en þegar þau lenda á aukaspjöldunum þá þurfa þau að gera það sem stendur á þeim.

Kisi fugl

Kisi litli spígsporaði á túninu. Hann átti heima í sveitinni. Þar bjó líka fólk sem hafði það hlutverk að hugsa um hann. Kisi var alltaf að herma eftir fuglunum í sveitinni. Þess vegna var hann kallaður Spói. Hann hagaði sér í einu og öllu eins og fugl. Hann gróf holur í leit að ormum. Hann klifraði upp í fuglshreiður til að fá sér smá lúr. Kisi sat upp í grein og söng í takt við fuglana. Hann hámaði í sig ber af bestu lyst. En ekki gekk fuglalífið átakalaust fyrir sig. Þegar kisi reyndi að synda í tjörninni sökk hann til botns!





Þegar hann reyndi að hefja sig til flugs, lyftist hann ekki upp frá jörðinni eins og hinir fuglarnir. Öll þessi vandræði urðu til þess að kisi fór að efast um að hann væri í raun fugl. Ef hann gat ekki flogið eins og aðrir fuglar, hverskonar fugl var hann þá? Bara einhver furðufugl! hugsaði kisi sorgmæddur. Í smá tíma gafst hann upp á fuglalífinu og hagaði sér ósköp kisulega.

En dag einn flutti fjölskyldan til útlanda og tók kisa með. Í flugvélinni var kisi ekki lengur í vafa um að hann væri fugl. Hann flaug! Já, kisa leið vel á ný. Hann lék sér með fuglunum og allt var eins og hann óskaði sér. En þegar kisi reyndi að fljúga aftur endaði hann kylliflatur í keng á jörðinni. Ái. Kisa fannst hann hvorki vera fugl né fiskur. En hvað var hann þá?







Það vissi hann ekki fyrr en dag einn að hann fór með fjölskylduna í dýragarð. Kisi sá í garðinum margar ólíkar dýrategundir. En að endingu komu þau að stað þar sem voru strútar. Þeir gátu ekki flogið en voru samt fuglar! Kisi var ekki bara einhver fugl. Hann var strútur! Já, lífið var dásamlegt og kisi þurfti aldrei framar að efast um að hann væri fugl.

Lesskilningsspil: Kisi fugl

Í þessu spili þurfið þið að byrja á því að lesa vel eða hlusta á textann um Kisa fugl (kannski eru einhverjar spurningar sem eru ekki úr textanum).. Þið kastið teningi og sá byrjar sem fær hæstu töluna og svo koll af kolli. Ef þú svarar spurningunni sem þú lendir á rangt þá ferðu einn reit til baka.. Ef þú lendir á myndinni af Kisunni þá mátt þú kasta aftur, en ef þú lendir á myndinni af strútnum þá ferðu 1 reit beint upp.

Endir	Hvar átti Kisi fugl heima í byrjun sögunnar?	Gat Kisi fugl synt?	Af hverju var Kisi fugl kallaður Spói?
Af hverju gat Kisi fugl ekki flogið?		Hvað kallast karlkyns köttur	Gat Kisi fugl flogið?
Hvert flutti fjölskyldan hans Kisa fugls?		Hvað nefnast afkvæmi katta?	
Eru strútar algengir fuglar á Íslandi?	Þegar Kisi fugl var í flugvélinni þá var hann viss um að hann væri fugl. Af hverju?		Hvaða fuglar geta ekki flogið?
Byrjun		Hvar var Kisi fugl staðsettur þegar hann komst að því að hann væri fugl?	

LAUSNIR

Endir	Hann átti heima í sveit	Nei hann gat ekki synt, hann sökk bara	Af því að hann hagaði sér eins og fugl.
Af því að hann er strútur og þeir eru ófleygir		Högni eða fress	Nei hann gat ekki flogið
Fjölskyldan flutti til útlanda		Kettlingar	
Nei	Af því að hann var í flugvél og þá flaug hann		Strútar
Byrjun		Í dýragarðinum	

Kisi litli spígsporaði á túninu.
Hann átti heima í sveitinni.
Þar bjó líka fólk sem hafði
það hlutverk að hugsa um
hann.

Kisi var alltaf að herma eftir
fuglunum í sveitinni. Þess
vegna var hann kallaður Spói.

Hann hagaði sér í einu og öllu
eins og fugl. Hann gróf holur í
leit að ornum...

Hann klifraði upp í
fuglshreiður til að fá sér smá
lúr. Kisi sat upp í grein og
söng í takt við fuglana.

Hann hámaði í sig ber af
bestu lyst.

En ekki gekk fuglalífið
átakalaust fyrir sig. Þegar kisi
reyndi að synda í tjörninni
sökkt hann til botns!

Þegar hann reyndi að hefja
sig til flugs, lyftist hann ekki
upp frá jörðinni eins og hinir
fuglarnir!

Öll þessi vandræði urðu til
þess að kisi fór að efast um
að hann væri í raun fugl.

Ef hann gat ekki flogið eins og
aðrir fuglar, hverskonar fugl
var hann þá? Bara einhver
furðufugl! hugsaði kisi
sorgmæddur.

Í smá tíma gafst hann upp á
fuglalífinu og hagaði sér
ósköp kisulega...

En dag einn flutti fjölskyldan
til útlanda og tók kisa með. Í
flugvélinni var kisi ekki lengur
í vafa um að hann væri fugl.
Hann flaug!

Já, kisa leið vel á ný. Hann
lék sér með fuglunum og allt
var eins og hann óskaði sér..

En þegar kisi reyndi að fljúga
aftur...

...endaði hann kylliflatur í
keng á jörðinni. Ái.

Kisa fannst hann hvorki vera
fugl né fiskur. En hvað var
hann þá?

Það vissi hann ekki fyrr en
dag einn að hann fór með
fjölskylduna í dýragarð.

Kisi sá í garðinum margar
ólíkar dýrategundir.

En að endingu komu þau að
stað þar sem voru strútar.
Þeir gátu ekki flogið en voru
samt fuglar! Kisi var ekki bara
einhver fugl.
Hann var strútur!

Já, lífið var dásamlegt og kisi þurfti aldrei frammar að efast um að hann væri fugl.

Byrjun

Endir

Spítalaheimsókn

Þú getur ekki flogið og handleggsbrítur þig. Þú situr hjá eina umferð



Lestur er bestur

þú ferð áfram um 2 reiti

Spítalaheimsókn

Þú getur ekki flogið og handleggsbrítur þig. Þú situr hjá eina umferð



Lestur er bestur

þú ferð áfram um 2 reiti

Spítalaheimsókn

Þú getur ekki flogið og handleggsbrítur þig. Þú situr hjá eina umferð

Spítalaheimsókn

Þú getur ekki flogið og handleggsbrítur þig. Þú situr hjá eina umferð

1) Aukaspjöld til að hafa með textaspjöldum ef þeim er raðað upp sem sem spili.

2) Hér fyrir neðan eru aukaspjöld sem hægt er að nota ef spjöldin eru sett í bunka og nemendur skiptast á að draga. Ef nemendur draga Baldur þá þarf sá sem dró að spyrja spilafélaga sinn spurningar úr textanum.

